

Fyrirspurn E 1/2024  
Fyrirspyrjandi Doris Jakobsen (Siumut)  
Viðtakandi Ríkisstjórn Noregs

## E 1/2024 Skrifleg fyrirspurn um varúðarráðstafanir við námuvinnslu í sjó

### Til ríkisstjórnar Noregs

Noregur er leiðandi á Norðurlöndum – og jafnvel á heimsvísu – hvað varðar rannsóknir á möguleikum námuvinnslu í sjó. Auðlindavinnsla, bæði yfir og undir yfirborði sjávar, getur mögulega haft skaðleg áhrif á lífríki í hafi og iðnað tengdan því.

Á Grænlandi eru eðlilegar áhyggjur um með hvaða hætti námuvinnsla í sjó getur haft skaðvænleg áhrif á útgerð og aflabrögð, sem eru lykilatriði í efnahagi Grænlands. Þrátt fyrir að tilraunir Norðmanna kunni í byrjun að vera takmarkaðar eru miklar líkur á að umfang þeirra aukist og þar með umhverfisáhrif.

Með hliðsjón af þessu eru eftirfarandi spurningar bornar fram:

- Hvernig ætlar norska ríkisstjórnin að tryggja að möguleg námuvinnsla í sjó skaði ekki útgerð og aflabrögð á Norðurlöndum.
- Mun norska ríkisstjórnin hafa frumkvæði að samstarfi við ríkisstjórnir hinna norrænu ríkjanna um miðlun reynslu á grundvelli tilrauna Norðmanna þannig að tryggt verði að námuvinnsla í sjó hafi sem minnst áhrif á útgerð og aflabrögð á Norðurlöndum.

Nuuk, 10. janúar 2024

*Doris Jakobsen (S)*